

7. AFLRÁS

7.1 GÍRBÚNAÐUR	3-7-01-01
7.2 DRIFSKAFT, ÖXLAR OG HJÖRULIÐIR	3-7-02-01
7.3 DRIFBÚNAÐUR	3-7-03-01
7.4 HRAÐAMÆLIR	3-7-04-01
7.5 HÁLKUVÖRN.....	3-7-05-01
7.6 LEKAMENGUN	3-7-06-01
7.7 KÚPLING	3-7-07-01
7.8 ÖKURITI.....	3-7-08-01
7.9 HRAÐATAKMARKARI	3-7-09-01

7.1 GÍRBÚNAÐUR

7.1.1 Reglugerðarákvæði

7.1.1.1 Ökutæki til ökukennslu. (Reglugerð 501/1997, viðauki III)

Ef bifreiðin er búin sjálfskiptingu skal gírstöng koma í stað fetils til þess að rjúfa aflrás, og komið þannig fyrir að ökukennari geti stjórnað henni.

7.1.2 Túlkanir og athugasemdir

Engar.

7.1.3 Verklýsingar

7.1.3.1 Rofi í skipti fyrir sjálfskiptingu

Bifreið sett í gír og athuga hvort hún ræsisst.

7.1.4 Skilgreiningar á dæmingum

Sjá skoðunatriðahluta Skoðunarhandbókar.

7.2 DRIFSKAFT, ÖXLAR OG HJÖRULIÐIR

7.2.1. Reglugerðarákvæði

Engin.

7.2.2 Túlkanir og athugasemdir


7.2.2.1 Drifskaft og hjöruliðir

Ef komið er slag í drifskaft á bifhjólum skal nota dæmingu 706 í skoðunarhandbók. Sömu dæmingu skal nota ef keðju- eða reimahlíf vantar.

7.2.2.2 Reim- og tannhjóladrif


Við dæmingar á slit í keðjur, tannhjól, rifreimar og reimhjól skal nota dæmingu 706. Dæma skal lagfæringu á bifhjól sem eru með eftirfarandi slit í búnaði:

Slitin tannhjól:




Mynd 1. Slitin tannhjól

Skemmd og slitin tannhjól:




Mynd 2. Slitin og skemmd tannhjól

Slitin tannhjól og keðja:



Mynd 3. Slitin tannhjól og keðja. Svona hreyfing er merki um að tannhjól og keðja séu slitin.

Fríhlaup keðju skal mælt þegar að bifhjólið er á miðjustandi, þ.e. með afturhjólið hangandi. Togað skal í keðjuna í báðar áttir og mæla skal fríhlaupið (útslagið) á miðjum neðri hluta keðjunnar. Þetta fríhlaup er yfirleitt á bilinu 20-35mm (hjól með stutt fjöðrunarsvið eru með minna fríhlaup en hjól með mikið fjöðrunarsvið), sjá mMynd 4.



Mynd 4. Fríhlaup í keðju

Þegar bifhjólið er lestað þannig að miðja fram og afturtannhjólsins séu í lóðréttri línu, skal fríhlaupið vera um 12mm.

Hvað varðar drifreimar og reimahjól sem eru slitin eða morkin, skal nota sambærilega aðferðir.

7.2.3 Verklýsingar

7.2.3.1Hjöruliðir og hjöruliðskrossar

Á framhjólum er lagt á hjól og þeim snúið einn hring. Tekið á öxlum og drifskafti sitt hvoru megin við hjöruliði með aflrás lausa (í frígír eða með drifhjól á lofti).

7.2.3.2Lega í drifskafsupphengju

Tekið á drifskafti til að leita eftir slagi.

7.2.4 Skilgreiningar á dæmingum

Sjá skoðunatriðahluta Skoðunarhandbókar.

7.3 DRIFBÚNAÐUR

7.3.1 Reglugerðarákvæði

Engin.

7.3.2 Túlkanir og athugasemdir

7.3.2.1 Varðar læst drif og soðin mismunadrif í bifreiðum

Leyfilegt er að hafa soðið framdrif ef driflokur eru á bifreiðinni til að aftengja það. Hins vegar er ekki leyfilegt að vera með soðið mismunadrif að aftan. Gerður er greinarmunur á soðnum mismunadrifum og læstum drifum. Svokallaðar „No-spin“ læsingar geta stundum virkað eins og soðin drif, þ.e. þær læsa öxlunum alveg saman. Hins vegar hefur „No-spin“ læsingin töluvert fríhlaup og hún læsir við átak frá Pinion en losar læsinguna þegar átakið fer af honum. Svipaða sögu er að segja um snigillæsingar eins og „Thorsen“ nema að þær læsa ekki eins vel og „No-spin“. Síðan eru til læsingar sem stjórnað er handvirkt innan úr bílnum annað hvort með börkum, lofti eða rafmagni. Er þá gjarnan gaumljós í mælaborðinu sem sýnir hvort læsingin er á eða ekki.

Síðast en ekki síst eru það diskalæsingarnar. Ýmsar mismunandi tegundir eru til en allar vinna þær á svipaðan hátt. Hafa menn gjarnan reynt að gera læsingarnar stífari með því að bæta undir diskana. Hins vegar er hægt að skjóta yfir markið í þeim efnum þannig að læsingin gefur alls ekkert eftir og virkar þá orðið eins og soðið mismunadrif. **Slíkar diskalæsingar eru lagðar að jöfnu við soðin drif og því ekki leyfilegar.**

7.3.3 Verklýsingar

7.3.3.1 Mismunadrif

Prófað í hemlaprófara. Mismunadrif er soðið eða of stíft ef hemlaprófari slær út þegar hann reynir að snúa hjólum.

7.3.3.2 Mismunadrif (útiskoðun)

Bifreiðinni er lyft að aftan með tjakki og hjólum snúið eða virkni mismunadrifs athugað í akstri.

7.3.4 Skilgreiningar á dæmingum

Sjá skoðunaratríðahluta Skoðunarhandbókar.

7.4 HRAÐAMÆLIR

7.4.1 Reglugerðarákvæði

7.4.1.1 Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

12.00 Almenn ákvæði.

- (3) Ökumaður skal auðveldlega, og án þess að færa sig til í sæti, geta lesið af hraðamæli og öðrum mælum sem nota þarf við akstur ökutækis.

12.01 Hraðamælir.

- (1) Hraðamælir skal sýna hraða ökutækis í km/klst.
- (2) Leyfilegt frávik hraðamælis er allt að 10% yfir raunhraða að viðbættum 4 km/klst. Hraðamælir má aldrei sýna meira en 4% minni hraða en raunhraða.

12.10 Bifreið.

- (1) Bifreið skal búin hraðamæli.
- (2) Hraðamælir skal vera lýstur upp þegar framvísandi stöðuljós eru kveikt.

12.20 Bifhjól

- (1) Bifhjól skal búin hraðamæli.
- (2) Hraðamælir skal vera lýstur upp þegar afturvísandi stöðuljós er kveikt.

7.4.2 Túlkanir og athugasemdir

7.4.2.1 Varðar staðfestingu hraðamælis

Skoðunarstofur ökutækja gefa staðfestingu hraðamæla. Ekki þarf að krefjast staðfestingar um réttan hraðamæli vegna bifreiða þar sem breyting hjóla er undir 10%. Þegar breyting hjóla er orðin meiri en 10% skal krefjast staðfestingar um að hraðamælir sé réttur óháð því hvort um sérskoðun er að ræða eða ekki.

7.4.2.2 Gildistaka hraðamæla

Hraðamælir er áskilinn í bifreiðum sem eru skráðar eftir 15.05.64. Hraðamælir er áskilinn í bifhjólum sem eru skráð eftir 11.10.93.

7.4.3 Verklýsingar

7.4.3.1 Mæling er gerð með GPS tæki. Kröfur til gps-tækja eru þessar:

Hnettir: Tækið þarf að geta læst á a.m.k. 4 hnetti.

Aflestur: Æskilegt að hægt sé að frysta hraðagildi, eða hægt sé að fletta upp í log til að sjá hraða á ákveðnum tímapunkti (og þá þarf að vera auðvelt að skrá hjá sér tímapunktinn).

Hraði: Birta hraðagildi á ekki sjaldnar en sekúndu fresti. Ef það er meðaltal yfir tímabil þá má það ekki vera meðaltal yfir lengra tímabil en síðustu 2 sekúndna.

Úttekt, aðstæður og vikmörk:

Úttektaraðili: Starfsmaður skoðunarstofu.

Vegur/aðstæður: Vegur sé beinn, því sem næst láréttur, helst fjarri háum húsum, og kaflinn sé það langur að hægt sé að halda umbeðnum hraða í 5-10 sekúndur.

Akstur og aflestur: Úttektaraðili situr í bíl með ökumanni þannig að hann geti lesið tryggilega af hraðamæli.

Mælipunktur: Miðað er við hraða samkvæmt hraðamæli. Misjafnt er hvaða merkingar eru á hraðamælaskífu, en mælt er á hraða sem merktur er á skífuna. Helst á að mæla við 30 km/klst og 50 km/klst, en ef þeir hraðar eru ekki merktir á skífuna ber að mæla við 40 km/klst og 60 km/klst.

Leyfileg vikmörk: Hraðamælir má ekki sýna meira en 4% minni hraða og 10% meiri hraða en raunverulegt er skv. gps-tæki.

Byrjað er á að lesa hjólbarðastærð (af hjólbarðanum, reikna með að allir hjólbarðar séu af sömu stærð) og mæla ríðisráð (mælt frá jörðu upp í mitt hjólnaf). Þá er farið í akstur og þegar viðkomandi hraði er náð er honum haldið í um 3-5 sek og þá lesið af gps-tæki. Að lokum er gefin út staðfesting þar sem eftirfarandi kemur fram:

Staðfesting hraðamælis

Staður og dagsetning: Nafn skoðunarstofu, staður og starfsmaður, ásamt dagsetningu úttektar.

Ökutæki: Fastnúmer, tegund og undirtegund, og dekkjastærð (bæði lesin og mæld).

Hjólbarðastærð: Skráð stærð á hjólbarða og ummál (rúðisráð $\times 2\pi$).

Hraðagildi: Fyrir báða mælipunkta er skráður raunhraði og leyfileg vikmörk.

Niðurstaða: Niðurstaða mælingar (innan marka eða ekki).

Undirskrift: Undirritun úttektaraðila.

Útgefin staðfesting gildir í 7 daga frá útgáfudegi (fram að sérskoðun). Frumrit hennar verður að fylgja skráningargögnum sérskoðunar til Samgöngustofu.



STAÐFESTING HRAÐAMÆLIS

Upplýsingar um úttektaraðila og bifreið

Skoðunarstofa (nr)	Skoðunarstofa (Nafn)	Skráningarnúmer	Fastanúmer
Tegund bifreiðar		Undirtegund	Dagsetning

Upplýsingar um hjólbarðastærð

Skrá skal skráða hjólbarðastærð skv. skráningarskírteini, lesa hjólbarðastærð af hjólbarðanum (reikna með að allir hjólbarðar séu af sömu stærð) og mæla síðan lárétt í gegnum hjólmiðju.

Hjólbarðastærð skv. skírteini	Hjólbarðastærð skv. mælingu (lesin)	Mælt þvæmál [mm]
-------------------------------	-------------------------------------	------------------

Hraðamæling

Míða skal við hraða skv. hraðamæli. Mismunandi er hvaða merkingar eru á hraðamælaskífu, en mæla skal hraða sem merktur er á skífuna. Helst á að mæla við 30 km/klst og 60 km/klst, en ef þeir hraðar eru ekki merktir á skífuna ber að mæla við 40 km/klst og 60 km/klst. Farið skal í akstur og þegar viðkomandi hraði er náð er honum haldið í um 3-5 sek og þá lesið af GPS-tæki. Hraðamælir má ekki sýna meira en 4% minni hraða og 10% meiri hraða en raunverulegt er skv. GPS-tæki að viðbættum 4 km/klst. Til viðbótar er reiknað með 0,5 km/klst í mælióvissu GPS-tækis.

Úttektaraðili situr í bíl með ökumanni þannig að hann geti lesið tryggilega af hraðamæli eða sér sjálfur um aksturinn og lætur GPS-tækið halda inni hæsta mældu hraðagildi. Vegur skal vera beinn, því s sem næst láréttur, helst fjarni háum húsum, og sé það langur hægt sé að halda umbeðnum hraða í 5-10 sekúndur.

Mæt á striki	Neðri mörk [km/klst]	Mældur hraði [km/klst]	Efri mörk [km/klst]	Niðurstaða
30 km/klst	23,14		31,75	___ Í lagi ___ UTAN MARKA
60 km/klst	41,32		62,58	___ Í lagi ___ UTAN MARKA
40 km/klst	32,23		42,17	___ Í lagi ___ UTAN MARKA
60 km/klst	50,41		63,00	___ Í lagi ___ UTAN MARKA

Niðurstaða

___ Hraðamælir er innan marka	___ Hraðamælir er EKKI innan marka
-------------------------------	------------------------------------

Staðfesting skoðunarmanns

Skoðunamaður (nr)	Skoðunamaður (nafn)
-------------------	---------------------

Staðfestingin gildir í 7 daga frá útgáfu (til sérskoðunar). Frumrit hennar verður að fylgja skráningargögnum til Samgöngustofu.

7.4.4 Skilgreiningar á dæmingum

Sjá skoðunaratríðahluta Skoðunarhandbókar.

7.4.5 Upplýsingar

Engar.

7.5 HÁLKUVÖRN

7.5.1 Reglugerðarákvæði

Engin.

7.5.2 Túlkanir og athugasemdir

Engar.

7.5.3 Verklýsingar

Engar.

7.5.4 Skilgreiningar á dæmingum

Sjá skoðunatriðahluta Skoðunarhandbókar.

7.6 LEKAMENGUN

7.6.1 Reglugerðarákvæði

7.6.1.1 Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

12.00 Almenn ákvæði.

- (2) Leki olíu frá aflrás skal vera í lágmarki.

7.6.2 Túlkanir og athugasemdir

Engar.

7.6.3 Verklýsingar

Engar.

7.6.4 Skilgreiningar á dæmingum

Sjá skoðunatriðahluta Skoðunarhandbókar.

7.7 KÚPLING

7.7.1 Reglugerðarákvæði

7.7.1.1 Ökutæki til ökukennslu. (Reglugerð 501/1997, viðauki III)

Við sæti ökukennara skal komið fyrir sérstökum fetlum, þannig að ökukennari geti, óháð nemanda, rofið aflrás og hemlað bifreiðinni. Fetlar ökumanns mega ekki virka á fetla ökukennara.

7.7.2 Túlkanir og athugasemdir

Engar.

7.7.3 Verklýsingar

Engar.

7.7.4 Skilgreiningar á dæmingum

Sjá skoðunatriðahluta Skoðunarhandbókar.

7.8 ÖKURITI

7.8.1 Reglugerðarákvæði

7.8.1.1 Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

12.02 Ökuriti.

- (1) Gerð og virkni ökurita skal vera skv. EBE reglugerð nr. 3821/85 með síðari breytingum, síðast breytt með EB reglugerð nr 2135/98 og EB reglugerð nr 1360/2002 sbr. reglugerð um aksturs- og hvíldartíma o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan EES.

12.12 Hópbifreið.

- (1) Hópbifreið skal búin ökurita samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan EES.

12.14 Vörubifreið.

- (1) Vörubifreið skal búin ökurita samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan EES.

7.8.2 Túlkanir og athugasemdir

7.8.2.1 Notkunarskylda ökurita.

Þar sem notkun ökurita er bæði háð gerð og notkun bifreiða getur skoðunarstofa ekki ákveðið hvort ökuriti er áskilinn í ákveðnum bifreiðum eða ekki. Því verður það á ábyrgð eigenda/umráðamanna að ákveða hvort ökuriti eigi að vera í bifreiðinni. Skoðun á ökurita skal því ekki fara fram nema að báðum eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) hann sé í ökutækinu, og
- b) á honum sé uppsetningarplata.

7.8.2.2 Uppsetningarplata.

Uppsetningarplata er plata eða miði sem festur er á ökuritann (venjulega undir lokið). Hún skal vera föst á og vel læsileg. Á henni skal eftirfarandi koma fram:

- nafn, heimilisfang eða viðskiptaheiti samþ. viðgerðarmanns eða verkstæðis,
- einkennisstuðull ökutækisins, sýnt sem $w = \dots$ snún/km,
- virkt ummál hjólbarða, sýnt sem $I = \dots$ mm,
- dagsetning(ar) þegar w og I voru ákveðin.

7.8.2.3 Staðsetning innsigla.

Þau innsigli sem skal skoða eru á eftirfarandi stöðum:

- a) Innsigli á uppsetningarplötu (nema hún sé fest á þann hátt að ekki sé mögulegt að fjarlægja hana án þess að eyðileggja merkingarnar).
- b) Innsigli um tenglaenda milli girnkassa og hraðastýribúnaðar og/eða mælabarka.
- c) Skiptirofar ökutækja með tvö eða fleiri áshlutföll.
- d) Fjögur innsigli inni í ökuritanum á bakvið kortið sem innsigla eftirfarandi:
 - lokið sem lokar af innri búnað ökuritans,
 - stilliskrúfu / kvörðunarbúnað,
 - teljarann,
 - tengi fyrir prófunarbúnað.

7.8.3 Verklýsingar

7.8.3.1 Ummál hjólbarða

Mælt er með málbandi frá miðju hjóls lóðrétt niður á jörð og sú tala margfölduð með 6,28. Mælingin skal vera í millimetrum og niðurstaðan verður þá virkt ummál hjólbarða í millimetrum. Það ummál er gefið á uppsetningarplötunni sem talan I.

7.8.4 Skilgreiningar á dæmingum

Sjá skoðunatriðahluta Skoðunarhandbókar.

7.9 HRAÐATAKMARKARI

7.9.1 Reglugerðarákvæði

7.9.1.1 Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

12.03 Hraðatakmarkari.

- (1) Gerð og virkni hraðatakmarkara skal vera skv. EBE-tilskipun 92/6, EB-reglugerð nr. 661/2009 og UNECE-reglum nr. 89 með síðari breytingum.
- (2) Eftirfarandi ökutæki eru undanþegin ákvæðum um hraðatakmarkara:
 - a. Bifreiðir til neyðaraksturs.
 - b. Bifreiðir sem hafa lægri tæknilegan hámarkshraða en sem nemur takmörkunarhraðanum.
 - c. Bifreiðir sem eingöngu eru ætlaðar til að veita opinbera þjónustu í þéttbýli.
 - d. Bifreiðir sem notaðar eru í tengslum við vísindalegar tilraunir.

7.9.1.2 Reglugerð um frágang hraðatakmarkara í bifreið, nr. 71/1998,

4. gr. Þegar verkstæðismaður hefur gengið frá hraðatakmarkara í bifreið, prófað hann og innsiglað skal hann ganga frá uppsetningarplötu á áberandi stað í stýrishúsi bifreiðarinnar. Eftirfarandi upplýsingar skulu skráðar á uppsetningarplötuna:

- a) Fastanúmer bifreiðar.
- b) Heiti verkstæðis og innsiglisnúmer.
- c) Hámarkshraði sem hraðatakmarkarinn leyfir.
- d) Virkt ummál drifinna hjólbarða.
- e) Dagsetning þegar hraðatakmarkarinn er innsiglaður.
- f) Fasti (w) bifreiðar þegar um vélrænan ökurita er að ræða.

Þegar verkstæðismaður hefur gengið frá hraðatakmarkara í bifreið skal hann fylla út, undirrita og senda Samgöngustofu frumrit skráningarblaðs með eftirfarandi upplýsingum:

- a) Tegund, gerð og fastnúmeri bifreiðar.
- b) Stöðu kílómetrateljara bifreiðarinnar við innsiglungu.
- c) Stærð drifinna hjólbarða og virkt ummál.
- d) Tegund, gerð og númer hraðatakmarkarans.
- e) Hámarkshraða sem hraðatakmarkarinn leyfir.
- f) Fjöldi og gerð innsigla á hraðatakmarkara og tengingum hans.
- g) Heiti, innsiglisnúmer og aðsetur verkstæðisins.
- h) Dagsetningu þegar hraðatakmarkari er innsiglaður.

Um rof á innsigli og endurinnsiglungu gilda sömu reglur og um innsiglungu á ökurita og tengingum við hann, sbr. reglugerð nr. 136/1995.

Afrit skráningarblaðs skal varðveitt með tryggilegum hætti í a.m.k. 3 ár.

Þegar verkstæðismaður skoðar ökurita reglubundinni skoðun (á sex ára fresti) skal hann mæla og stilla hraðatakmarkara, yfirfara innsigli og endurnýja ef með þarf. Einnig skal hann endurnýja uppsetningarplötu og senda Samgöngustofu frumrit skráningarblaðsins.

5. gr. Bifreið sem ber að vera búin hraðatakmarkara samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja og skráð eftir 1. janúar 1994, skal hafa hann rétt stilltan og innsiglaðan eigi síðar en 1. júní 2000.

7.9.1.3 Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004**12.12 Hópbifreið.**

- (2) Hópbifreið skal búin hraðatakmarkara sem er stilltur þannig að hraði hennar geti ekki orðið meiri en 100 km/klst.

12.14 Vörubifreið

- (2) Vörubifreið skal búin hraðatakmarkara sem er stilltur þannig að hraði hennar geti ekki orðið meiri en 90 km/klst.

Ákvæðið telst uppfyllt ef stilling er samkvæmt eftirfarandi:

- a. hraðatakmarkarinn er stilltur samkvæmt fyrirmælum framleiðanda um mesta frávík, þannig að stillt er á 90 km/klst að frádregnu uppgefnu frávíki.
- b. hraðatakmarkarinn er stilltur með hraðahermi, þannig að hámarkshraði fer ekki yfir 90 km/klst.
- c. ef ekki liggja fyrir upplýsingar framleiðanda um mesta frávík og ekki er til staðar hraðahermir, þá skal stilla hraðatakmarkara á 85 km/klst.

01.21 Létt bifhjól.

- (1) Bifhjól sem búið er brunahreyfli sem ekki er yfir 50 cm³ að slagrúmmáli eða búið rafhreyfli og er eigi hannað til hraðari aksturs en 45 km/klst.

Létt bifhjól I (L1e):

Létt bifhjól á tveimur hjólum

Létt bifhjól II (L2e):

Létt bifhjól á þremur hjólum

7.9.2 Túlkanir og athugasemdir7.9.2.1 Reglugerðar ákvæði sem fallið er brott

Í lið 12.12 hópbifreið var eftirfarandi reglugerðar ákvæði fellt niður árið 2009:

- (2) Hópbifreið II, sem er meira en 7.500 kg að leyfðri heildarþyngd, skal búin hraðatakmarkara sem takmarkar hámarkshraða við 100 km/klst. Ákvæði þetta gildir um hópbifreið sem er meira en 5.000 kg að leyfðri heildarþyngd frá 1. janúar 2006 í alþjóðlegri umferð og frá 1. janúar 2008 innanlands.

Eftir þessa dagsetningu þá skulu allar hópbifreiðar vera búnar hraðatakmarkara.

7.9.2.2 Reglugerðar ákvæði sem fallið er brott

Í lið 12.14 vörubifreið var eftirfarandi reglugerðar ákvæði fellt niður árið 2009:

- (2) Vörubifreið II skal búin hraðatakmarkara sem er stilltur þannig að hraði geti ekki orðið meiri en 90 km/klst. Vörubifreið sem er meira en 7.500 kg að leyfðri heildarþyngd skal búin hraðatakmarkara sem er stilltur þannig að hraði geti ekki orðið meiri en 90 km/klst. Ákvæði þetta gildir um vörubifreið I (N2) og II (N3) í alþjóðlegri umferð frá 1. janúar 2006 og innanlands frá 1. janúar 2008

Eftir þessa dagsetningu þá skulu allar vörubifreiðar vera búnar hraðatakmarkara.

7.9.3 Verklýsingar

7.9.3.1.....Hámarkshraði, létt bifhjól

Nota skal sérstakan hraðaprófara eða aka hjólinu á láréttum vegi og lesa af mæli hjólsins.

Nota má GPS tæki til að mæla hraðann.

7.9.4 Skilgreiningar á dæmingum

Sjá skoðunatriðahluta Skoðunarhandbókar.